

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 7.03.2024

Verkefnaráð	1
Mínar síður: Uppfletting fyrir þjónustuver	2
Vefur Borgarbókasafnsins úr Drupal 7	4
Hitt húsið yfir á Reykjavík.is	7
Sameining domain-a fyrir starfsfólk – fasi 2	9
Uppfærsla og útvíkkun hönnunareininga á reykjavík.is	11
Önnur mál	13

Verkefnaráðsfundur 7.03.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 7.3.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Ólafur Óskar Egilsson, Þróstur Sigurðsson, Óskar Sandholt, Búi Bjarmar Aðalsteinsson, Fjalar Sigurðarson, Lára Aðalsteinsdóttir, Sævar Guðbergsson, Guðrún Jóhannsdóttir, Hreinn Hreinsson, Guttormur xxxxDrífa Guðjónsdóttir Plank	
Fjarverandi: Ásta Þöll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason	
Fundarritari: Drífa Guðjónsdóttir Plank, Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudaginn, 7. mars 2024, kl. 10:00 – 12:00 – 6.hæð vestur, Stekkur, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling
10:05–10:15 Mínar síður: Uppfletting fyrir þjónustuver – Búi Bjarmar og Fjalar
10:15–10:20 Umræður
10:20–10:30 Vefur Borgarbókasafns úr Drupal 7 – Lára
10:30–10:40 Hitt húsið yfir á Reykjavík.is – Lára
10:40–10:50 Umræður
10:50-11:05 Sameining domain-a fyrir starfsfólk, fasi 2 – Sævar
11:05-11:10 Umræður
11:10-11:25 Uppfærsla og útvíkkun hönnunareininga á rvk.is– Guðrún og Hreinn
11:25-11:30 Umræður
11:30-12:00 Umræður og önnur mál
12:00 Fundi slitið

Mínar síður: Uppfletting fyrir þjónustuver

Tryggja að starfsfólk þjónustuvers geti þjónustað borgarbúa vel með því að geta flett upp öllum málum sem snerta notanda hjá borginni og hafa verið stofnuð á Mínum síðum.

Nú hefur starfsfólk þjónustuvers takmörkuð tól í höndunum og færri en í Rafrænni Reykjavík. Þjónustuver veit ekki hvaða erindi notendur eru með í gangi á hverjum tíma sem farið hafa í gegnum Mínar síður.

Búið er að gera:

Grunn hönnun hefur þegar verið gerð fyrir uppflettinguna því þetta verkefni átti að vinna á síðasta ári, sem hluti af fjárfestingu en komst ekki á dagskrá, sökum annarra verkefna.

- Áskorunarramma

- Notendaviðtöl við starfsfólk þjónustuvers og greining á þörfum og kröfum.
- Greiningu helstu þjónustuferla (e. business processes).
- Hönnun á útliti og virkni (Figma) lausnarinnar.

Með verkefninu á m.a að: Lausnin er að nota sama millilag og Mínar síður nota til að fletta upp málum en starfsfólk þjónustuvers þarf sérstaka aðgangsstýringu og auðkenningu til þess.

Lausnin felst í því að nýta vinnu og tækni sem unnin hefur verið í Mínum síðum, m.a. fyrirspurnarlagið, sem heitir Mín mál, ásamt samþjöppuðu viðmóti fyrir starfsfólk þjónustuvers.

Notkun lausnarinnar er bæði aðgangsstýrð og öll uppfletting skráð í þar til gerðan notkunargrunn (activity log). Þar að auki verða notendur, sem biðja um aðstoð, að aukenna sig rafrænt svo upplýsingaöryggis sé gætt.

Ávinningur/ábatí:

- Þjónustuver getur aðstoðað notendur betur í fyrsta símtali/erindi og mögulega leyst mál áður en þeim er fleytt áfram á aðra aðila eða svið til úrlausnar.
- Ábatinn er stórbætt þjónusta við notendur í fyrsta samtali/samskiptum og möguleiki fyrir þjónustuver að leysa erindi/skýra strax í stað þess að fleyta þeim áfram lengra inn í borgina.
- Starfsfólk þjónustuvers getur betur leiðbeint og svarað fyrirspurnum notenda sem leita eftir aðstoð.
- Í dag þá hefur starfsfólk þjónustuversins engin tól til að aðstoða notendur nema hafa notendur á staðnum og fá að sjá inn á Mínar síður hjá notendum.
- Notendur fá betri/skilvikari þjónustu og úrlausn sinna mála í samtali við þjónustuver.
- Raunverulegur ábati er að í mörgum tilvikum þá þarf færri aðila að úrlausn fyrirspurna sem minnkar kostnað til lengri tíma við hverja fyrirspurn/beiðni um aðstoð, eða þá að úrlausn fyrirspurna er komið fyrir á rétta aðila til úrlausnar, með aukinni innsýn inn í vandamál notenda.

Áætlaður kostnaður: 10 m.kr

Tímarammi: Tímalínan er að lágmarki 4 vikur af 100% vinnu helstu starfskrafta í sprettafyrirkomulagi þróunar. 4 vikur samsvarar 2 sprettum.

En ólíklegt er að það gerist nákvæmlega þannig vegna annara verkefna á sama tíma hjá teyminu. Líklegast er að vinnan teygist yfir fleiri spretti þó reynt sé að komast hjá því eins og kostur er, sérstaklega ef engar hindranir eru í útfærslu. Líklegast er að vinna klárast á lausninni á tímabili sem spannar 2-4 spretti frá því að verkefnið kemst á dagskrá.

Óskað er eftir:

- 10 m.kr til þróunar á uppflettingu
- Teymi samanstendur af: Hönnuður, bakendaforritari, framendaforritari, prófari, vörustjóri, teymisstjóri tækniteymis.

Næstu skref:

- Ítarlegri kostnaðaráætlun
- Ítarlegri ábatagreining ef þarf
- Forritun/útfærsla m.v. hönnun

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.03.2024: 5 3 1 4 5 4 3,00

Niðurstaða

Samþykkt að lögð verði áhersla á að nýta okkar innri kerfi sem búið er að smíða, passar til dæmis inn í Búa.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga og vörustjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra umbreytinga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Vefur Borgarbókasafnsins úr Drupal 7

Vefurinn Borgarbokasafn.is býður notendum marga möguleika á sjálfsafgreiðslu á vef sínum sem er í Drupal 7 vefumsjónarkerfi. Til að viðhalda núverandi þjónustustigi og gefa möguleika á framþróun, þarf að uppfæra vefumsjónarkerfið þar sem þjónusta við Drupal 7 hættir í janúar 2025.

Vefurinn hefur verið unninn með þjónustustefnu borgarinnar að leiðarljósi og ef núverandi stafræn þjónusta skerðist er það mikil afturför í stafrænni vegferð borgarinnar.

Núverandi vefur Borgarbókasafnsins var eitt af fyrstu stóru verkefnum sem unnin voru í upphafi stafrænnar umbreytingar borgarinnar árið 2018-2019 og er dæmi um mjög vel heppnað verkefni. Það var tæknilega vel unnið, bætti þjónustu og vann inn í þjónustustefnu borgarinnar og gerir enn.

Búið er að gera:

- Áskorunarrámmi og forgreiningu stafræns leiðtoga.
- Stemming fyrir verkefninu.
- Forgreining með þjónustuhönnuði.
- Þjónustukönnun hjá Borgarbókasafni.
- Skrifborðsrannsókn um fyrirliggjandi stefnur og lög um Borgarbókasafn.

Með verkefninu á m.a að:

Færa vef Borgarbókasafnsins úr Drupal 7 yfir í nýrra vefumsjónarkerfi án þess að þjónustufall verði þegar Drupal 7 kemst á endapunkt í janúar 2025 og þjónustu við kerfið verður hætt. Uppfæra vefumsjónarkerfi og viðmót á vef safnsins til að sporna við þjónustufalli í stafrænni þjónustu þess. S.s frátektir, sektargreiðslur, endurnýjun útlána, skráning korta.

Besta lausnin væri að uppfæra vefinn í Drupal 10. Þekking á því vefumsjónarkerfi er innan borgarinnar og uppfærslur geta þá fylgt þróun reykjavik.is.

Væntur ávinningur/ábati:

Nýtt og öruggt vefumhverfi sem getur þróast í takt við aðrar þjónustur borgarinnar og Borgarbókasafnsins og stefnur borgarinnar um stafræna þjónustu.

- Betri umsýsla fyrir notendur.
- Þjónustufall verður ekki á núverandi þjónustu og upplýsingar um starfsemi.
- Með betri stafrænni þjónustu getum við fækkað ferðum notenda og gert þær markvissari.
- Nútímaleg þjónusta sem er stafrænt fyrst (e. Digital first) í anda þjónustustefnu Reykjavíkurborgar.

Erfitt að reikna ábata þess þar sem hann er mikið bundinn í þjónustu og upplifun gesta.

Tímarammi: Áætluð tímalína fyrir verkefnið frá nóvember 2023 til mars 2025. Ekki er hægt að setja upp nákvæma tímalínu að svo stöddu. Óvissu þættir eru ennþá svo margir. T.d. hvort unnið verði með Reload í þessu verkefnið eða ekki.

Ef unnið verður með Reload þarf að sækja um að komast að hjá þeim sem fyrst svo gerlegt verði að koma nýjum vef í loftið snemma árs 2025.

Áætlaður kostnaður: 54 m.kr.

Teymið samanstendur af verkefnastjóra frá ÞON, vefstjóra frá Borgarbókasafni, þjónustuhönnuði frá Borgarbókasafni. Einnig er óskað eftir stuðning frá ÞON um aðgengismál á vef og efnisuppsetningu, ca. stöðugildi í 8 mán brotið niður á verkefnastjóra

- Sérfræðiaðstoð
- Verðfyrirspurn til Reload um bakendavinnu og tengingar
- Framendaforritun og útlits aðlögun:

Óskað er eftir:

- 54 m.kr.

Næstu skref

- Velja leiðina
- Fá fjárheimild
- Ræsa verkefnið
- Hefja hönnun og aðlögun
- Forritun bakenda
- Forritun framenda
- Innleiðing

Tegund verkefnis: Umbreytingaverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Ekki skorað miðað við niðurstöðu.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Óskum eftir frekari greiningu með þremur valkostum þar sem um háa fjárhæð er að ræða. Ekki réttlætlanlegt fyrir þessa virkni á vefsíðunni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni ekki samþykkt, en óskað eftir frekari greiningu.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR niðurstöðu verkefnaráðs	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar um niðurstöðu verkefnis	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Hitt húsið yfir á Reykjavik.is

Hitt húsið rekur vefinn Hitthusid.is sem er í word press vefur (WP). Vefurinn hefur verið hakkaður og er ótryggur eins og er. UTR er að hætta stuðningi við WP vefi og því er hætta á að Hitt húsið missi vefinn og efnið sem á honum er.

Óskin er að fara undir vefinn reykjavik.is og verða hluti af honum. Gera þjónusturnar sýnilegri, vefinn tæknilega studdan svo starfsfólk geti einbeitt sér að þjónustunni og góðu innihaldi sem styður þær. Sjálfbært, hagkvæmt og í takt við þróun vefmála hjá Reykjavíkurborg.

Búið er að gera:

- Áskorunarrammi
- Vinnustofa með hagaðilum
- Forgreining með stafrænum leiðtogar
- Fundur með teymi þjónustu umbreytingar
- Kynning fyrir sviðstjóra MÍR
- Samtal við skrifstofustjóra UTR og deildarstjóra vöru- og vefþróunar umframtíðarsýn fyrir minni vefsvæði á vegum borgarinnar

Með verkefninu á m.a að:

- Hætta að reka word press vef og verða hluti af reykjavik.is með þjónustur Hins hússins.
- Færa efni undir vefinn reykjavik.is og vera hluti af vefþróun þar.
- Þjónustur Hins hússins verða sýnilegar sem þjónustur Reykjavíkur. Tækifæri á að bæta ásýnd og gera sýnilegri fyrir þjónustuþega, forsjáradila þeirra og aðra sem starfa með hópnum ungmenni 16 – 25 ára.
- Þjónustuþegar Hins hússins eru að hluta jaðarsettur hópur innan aldursins 16 -25 ára og bætt aðgengi að upplýsingum um þjónustu fyrir þennan hóp eykur líkur á að þau geti notið þjónustunnar.

Væntur ávinningur/ábati:

- Sjálfbærni
- Öruggt vefumhverfi
- Einfjöldum á vinnuumhverfi
- Miðlægur tæknistuðningur

Tímarammi: 5 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 3,0 m.kr

Óskað er eftir:

- 3,0 m.kr.
- Verkefnastjóra frá vöru- og vefþróunardeild.
- Sérfræðingi frá vöru- og vefþróunardeild.
- Sérfræðingi frá teymi þjónustu umbreytingar í forvinnuna.
- Samtals eitt stöðugildi.

Næstu skref

- Vinnustofa með teymi þjónustu umbreytingar
- Kortlagning núverandi þjónustu Hins hússins
- Endurskrif á texta
- Finna myndir / taka myndir
- Innsetning á texta og myndum
- Kennsla á drupal bakenda og fínpússun.

Tegund verkefnis: Vefverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.03.2024: 3 4 1 4 5 3 2,80

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Leggja áherslu á að þetta færir Hitt húsið nær mörkun borgarinnar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörudeildar og deildarstjóra umbreytingar um niðurstöðu	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Sameining domain-a fyrir starfsfólk – fasi 2

Felst í því að flytja starfsfólk úr rvkskolar yfir í rvk.borg og M365 innleiðing í skólaumhverfið. Við flutning á starfsfólkinu þarf að flytja gögn af heimsvæðum, samstillta póstinn á milli og færa Teams svæði þar sem starfsfólk var byrjað að nota teams. Til að einfalda auðkenningar að flest öllum stafrænum lausnum er nauðsynlegt að starfsfólk sé í sama léni (e.domain).

Nú er þörf á fjármagni þar sem verkefnið M365 er komið í rekstur og búið að loka því fjármagni. Flutningur leikskóla lauk nú í mars og hefst því fasi 2 í kjölfarið, sem felur í sér yfirfærslu á félagsmiðstöðvum og frístund og grunnskólum í framhaldinu.

Gagnaflutningur hefur almennt gengið vel og aðgangur að kerfum, en mikil handavinna við einstaka kerfi. Starfsmannagögn eru röng á nánast öllum stöðum sem krefst meiri vinnu á öllum starfsstöðvum.

Búið er að gera:

- Verkefnið hóst í mars 2023 eftir að Opin Kerfi voru valin sem samstarfsaðili í útboði.
- Flutningur leikskóla lauk í mars 2024, samtals starfsfólk um 2100.
- Vinnustofur með hagaðilum í frístund og grunnskólum þegar byrjaðar.
- Fyrstu starfsstaðir frístundar fara yfir kringum miðjan mars.

Með verkefninu á m.a að:

- Yfirfærsla á félagsmiðstöðvum og frístund, starfsfólk um 800.
- Yfirfærsla á grunnskólum, starfsfólk um 3000.
- Í lok verkefnis mun liggja fyrir tillögur að umbótum til að ná fram enn meiri hagræðingu.
- Það er eitt og annað sem er öðru vísi í grunnskóla en í leikskóla og er verið að greina það.

Væntur ávinningur/ábat:

- Allir í sama umhverfi, einfaldar auðkenningar og aðgangsstýringar að nánast öllum kerfum sem eru í innleiðingu
- Búið er að sjálfvirknivæða yfirfærsluna þannig að notendur halda aðgangi og fá gögnin rétt yfir.
- Viðkvæmum persónuupplýsingum ekki hægt að deila milli starfsfólks á öruggan hátt í núverandi umhverfi.
- Mikill sparnaður í að þjónusta eitt umhverfi í stað tveggja.
- Árlegur ábati í krónum talið er 86,4 m.kr.
 - Það eru 6.000 starfsmenn í skólaumhverfinu og 4.500 tölvur. Varlega áætlað er hægt að gefa sér að 10% af starfsfólki (600) eru virkir í samstarfi milli deilda/sviða. Reiknað með að hver klukkustund kosti um 12.000 kr og hver starfsmaður sparar 1 klst á mánuði sem er varlega áætlað, þannig sparast tæplega 50 mannmánuðir árlega. Þ.e 7.200 klst á 50 mannmánuðum = 86,4 m.kr.

Tímarammi: 12 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 86,7

Óskað er eftir:

Fjármagn uppá 86,7 m.kr. sem felur í sér vinnu eftirfarandi aðila:

- Verkefnastjóri 80% í 11 mánuði
- Verktakar OpinKerfi
- Vettvangsþjónusta
- Microsoft kerfisumsjón
- Auka leyfiskostnaður á innleiðingartíma
- kerfisstjórar

- **Næstu skref**
 - xx

Tegund verkefnis: Rekstrarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 11.01.2023: 3 4 1 4 3 3 2,67 (fyrsti fasi)

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.3.2024: 4 4 1 4 5 3 3,00

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Miðað við ábatamat þá mun þetta borga sig upp á einu ári og er því ekki spurning.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra verkefnisins, deildarstjóra verkefnastofu og vörustjóra M365	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Uppfærsla og útvíkkun hönnunareininga á reykjavik.is

Daglega koma 10 – 12 þúsund notendur á reykjavik.is og reka sín erindi. Auðvelt er að fullyrða að vefurinn er orðinn langmikilvægasti snertiflötur íbúa við þjónustu borgarinnar.

Grunnhönnun vefsins er orðin 4 ára. Ýmsar viðbætur hafa verið gerðar á hönnun vefsins í gegnum ótal verkefni sl. ár. Það getur leitt til þess að heildarhugsun skorti, leikreglur þynnist út og takmarkanir vefsins fari að ráða framsetningu efnis frekar en raunveruleg þörf.

Með verkefninu verður skerpt á heildarsýn til þess að bæta notendaupplifun og stuðla að framþróun. Núverandi hönnunareiningar verða gerðar fjölbreyttari og notkunarmöguleikar þeirra auknir, fyrir vef og önnur kerfi, ásamt því að skapa fleiri.

Búið er að gera:

- Áskorunarrammi.
- Fundir með hagaðilum.
- Greiningarvinna á notkun reykjavik.is í gangi.

Með verkefninu á m.a að:

- Skerpa á hönnun m.a. með mismunandi víddum.
- Gera efniseiningar fjölbreyttari og auka notkunarmöguleika
- Búa í haginn fyrir hraðari framþróun framendalausna sem samræma ásjón vara úr hugbúnaðarþróun og vefsins.

Mikil tækifæri felast í því að gera núverandi hönnunareiningar fjölbreyttari og auka notkunarmöguleika þeirra. Reykjavik.is stækkar hratt og undirvefjum fjölgar. Til að skapa betri og skarpri notendaupplifun verða þróaðar mismunandi „víddir“ eða notendaviðmót sem tekur betur mið af því efni sem verið er að setja fram.

Vefur eins og reykjavik.is er þess eðlis að hann verður að vera í stöðugri þróun hvað varðar tæknilega þróun, hönnun, notendaupplifun og efnisþróun m.a. til að hægt sé að halda áfram að færa aðra vefi undir reykjavik.is sem það stuðlar að hagræði í bæði rekstri og umsýslu.

Væntur ávinningur/ábati:

- Reykjavík.is er betur í stakk búinn til að taka við ólíku efni og setja fram í takt við þarfir notanda og hagsmunaaðila
- Vinna mun skila sér í hönnunarkerfið og býður upp á samræmi í öðrum þróunarverkefnum
- Yfir eitt hundrað vefsvæði hafa verið lögð af og efni þeirra fellt undir reykjavik.is og fleiri á leiðinni.
- Ef ekki er ráðist í verkefnið myndast hönnunar- og tækniskuld sem þarf þá að takast á við síðar.
- Búið í haginn fyrir frekari tækniþróun.

- Fjölbreytni í hönnunarkerfi eykur ánægju þeirra sem smíða lausnir og tryggir betur nýtingu fjárfestingarinnar.

Tímarammi: 30 vikur

Áætlaður kostnaður: 15 m.kr.

Óskað er eftir:

- 15 m.kr. í verkefnið 2024.
- Til þess að hægt sé fara í uppfærslu og útvíkkun hönnunareininga ár rvk.is.
- Teymi samanstendur af verkefnastjóra, vörustjóra, hönnunarteymi, framendaforritara.
- Ytri vinna samanstendur af hönnun.

Næstu skref

- Vinnustofa með Reykjavik.is teyminu til að greina notkun eininga og þarfir um úrbætur.
- Fundur með hagsmunaaðilum.
- Rýni gagna um notkun á vef.
- Vinnustofa með gagnateymi til að finna leiðir til að birta gögn á reykjavik.is með betri hætti.
- Vinnustofa með samskiptateymi vegna Mannlífsvíddar.
- Kortlagning þarfa.
- Vinnustofa með hönnuði og hönnunarteymi.

Tegund verkefnis: Vefverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.03.2024: 3 3 1 4 5 2 2,47

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Skoða hvaða hönnunareiningar eru innifaldar, hvaða megin eigindi eru þar inni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir aðila sem komu inná fundinn um niðurstöðu	EBB	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar um niðurstöðu	EBB	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Verkefnið Búi - kynning

Ætlunin var að fá vörustjóra inn með : Kynning á hvað Búi felur í sér, hver plönin eru og næstu skref. Gögnin voru ekki nægilega skýr og því tekið af dagskrá og sett undir önnur mál.

Aðeins um Búa:

- Kerfi sem heildur utan um ólíka þjónustu og mál við útbúa
- Öruggar aðgangsstýringar og geymsla gagna
- Heildarkerfi fyrir VEL og SFS en möguleikar fyrir aðra virkni

Framtíð Búa

- Öll mál á einum stað
- Hönnun starfsmannaviðmóts fyrir Þjónustuver/Mínar síður
- Betri borg fyrir börn/farsæld barna
- Útfösun Málaskrár og málaflokkar settir í Búa
- Mínar síður fyrir íbúann, Búi fyrir starfsfólk
- Endalausir möguleikar!

Hér þarf að skoða saman verkefnið Búa; hver er þörfin, planið og næstu skref og erindið: Ráðgjafinn/útleiðng málaskrár sem er á dagskrá 18.apríl.

Verkefnið Búi hefur ekki komið fyrir verkefnaráð og ekki verið samþykkt fjármagn í það.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Ekki hefur verið gefin heimild frá verkefnaráði fyrir Búa. Skýra hvaðan fjármagn kemur úr öðrum verkefnum, þarf að koma fram í kynningu. Gefa verkefnaráði þá sýn sem vörustjóri og stafrænn leiðtogi hafa, gerist 18. apríl. Þetta er bara eitt verkefni og á að kynna saman. Útfösun málaskrár þarf að kynna og skýra. Fá kostnaðargreiningu á því. Þarf að keyra eina velferð áfram í velferðarlausnum. Skýra vel hvað á að koma fram, sjá sniðmát.

Nr.	Ákvörðun
1	Deildarstjóri vef- og vörustýringar tekur áfram með vörustjóra og stafrænum leiðtoga.
2	Teymisstjóri stafrænna leiðtoga og verkefnaskráarstjóri til stuðnings.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
-----	--------	--------------	-------

1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar og teymisstjóra stafrænna leiðtoga um niðurstöðu	EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs PON verður haldinn 18.apríl 2024